

Skýrsla Æskulýðsnefndar Fáks, veturinn 2007-2008

Starfsár æskulýðsnefndar byrjaði í janúar á kynningarfundum fyrir börn og foreldra. Þar voru nefndarmenn í Æskulýðsnefnd kynntir sem og dagskrá vetrarins. Einn af kennurum Fáks, Hrefna María Ómarsdóttir kom og spjallaði við nefndarmenn og gesti um ýmislegt varðandi knapamerkin og komandi vetrarstarf. Fundurinn var sæmilega vel sóttur af börnum og foreldrum.

Strax 7.janúar var skráning í félagsheimilinu fyrir **knapamerkjánámskeiðin** og í boði voru 1., 2., 3. og 5.stig. Þann 14.janúar hófu knapamerkjakennarar kennsluna. Hrefna María Ómarsdóttir kenndi 2 hópum á fyrsta stigi, Róbert Petersen kenndi tveimur hópum á öðru stigi og einum hópi á þriðja stigi og Sigurbjörn Bárðason kenndi tveimur hópum á fimmta stigi.

Almennu námskeiðin fyrir börn á aldrinum 6-12 ára hófust 26.janúar. Gríðarleg aðsókn var á þessu námskeið og fóru málin að lokum þannig að skipta þurfti nemendum í fimm átta manna hópa. Hópum 1 og 2 var kennt í janúar og febrúar, alls átta skipti og hópum 3, 4 og 5 var síðan kennt í apríl, einnig átta skipti. Kennslan fór að sjálfsögðu fram í Reiðhöllinni og var Sif Jónsdóttir kennari og stóð hún sig mjög vel.

Úrtaka var 10.febrúar, fyrir börn sem vildu vera með á sýningunni **Æskan og hesturinn** sem síðan var haldin dagana 29. og 30.mars. Atriði Fákskrakka að þessu sinni var þrautabraut með hindrunum í lokin. Guðrún Edda Bragadóttir tók að sér þjálfun krakkanna og naut dyggjar aðstoðar Drífu Dan.

Árshátíð unglinga í hestamannafélögunum á höfuðborgarsvæðinu var fyrirhuguð 22.febrúar en fella þurfti hana niður sökum dræmrar þátttöku. Þó skal þess getið að nokkur áhugi virtist vera hjá Fáksunglingunum.

Óvissuferð barna 12 ára og yngri var farin 19.mars. Um 25 börn og 3 fullorðnir lögðu af stað frá Fáksheimilinu kl.10. Farið var með rútu austur að Áskoti í Ásahreppi að skoða hestasundlaugina sem þar er rekin. Fengum við leiðsögn eigandans, Jakobs S. Þórarinssonar, um hesthúsið og laugina og urðum margs vísari um hestasund.

Að því loknu var farið í Hestheima en að þessu sinni var heimilisfólkið ekki heima svo við fengum bara aðstöðuna lánaða til þess að grilla pylsur og fara í leiki. Vinnumaður all nokkur að nafni Ívar, var hins vegar á staðnum og bauðst til þess að sýna okkur kálfa og hvolpa og vakti það mikla lukku. Heimsóknin í Hestheima endaði á því að snædd var heimabökuð skúffukaka sem nefndarmeðlimur hafði, öllum að óvörum, tekið með í ferðina. Rann hún ljúflega niður með kókómjólki. Að lokum var farið á Selfoss í sund og verðum við að geta þess að barnahópurinn var til fyrirmyndar í alla staði.

Fjölskyldubingó æskulýðsnefndar er árlegur viðburður sem haldinn var 27.apríl. Það var að venju mjög vel sótt og fjöldi vinninga mjög mikill. Í kaffihléi gæddu allir sér á kleinum og vöfflum, ásamt því að í boði var kaffi og djús. Allir snéru heim með bros á vör eftir skemmtilega kvöldstund í félagsheimilinu.

Líflandsmótið er einnig árlegur viðburður og var haldið þann 19.apríl í Reiðhöllinni í Víðidal, venju samkvæmt. Lífland var augljóslega styrktaraðili mótsins og sá um skráningar, auglýsingar og verðlaunagripi. Skráningar voru alls um 160 talsins og keppt í fjórgangi, fimmgangi og töltili í barna-, unglinga- og ungmennaflokki. Í pollaflokki var síðan keppt í töltili og tvígangi. Til liðs við nefndina voru fengin reynsluboltarnir Helga Björg Helgadóttir og Arngrímur Angantýsson sem mótsstjórar.

Fjölskyldureiðtúr æskulýðsnefndarinnar var 18.maí og voru börn með foreldrum sínum velkomin að slást í hópinn. Um fimmtán manns riðu upp að Rauðavatni, inn á Hólmsheiði og í gegnum Rauðhólana til baka í Víðidalinn. Veðrið lék við þátttakendur og að reiðtúr loknum bauð nefndin öllum í grillaðar pylsur og djús í anddyri Reiðhallarinnar.

Á **landsmótsári** fannst okkur rétt að sinna sérstaklega þeim sem áhuga hafa á keppni og þann 21.maí var Sigurður nokkur Ævarsson, dómari með meiru, fenginn til að koma og aðstoða krakkana sem höfðu hugsað sér að fara í úrtökuna. Krakkarnir riðu prógrammið sitt á Hvammsvellinum og Sigggi gaf þeim ráð um það sem betur mætti fara. Síðan fóru allir á lítinn fund í félagsheimilinu þar sem Sigggi fór yfir þau atriði sem dómara eru að leita eftir í sýningum. Spurningarnar voru margar og Sigurður skýrði allt með miklum sóma. Mikil ánægja var meðal foreldra og barna með þetta framtak.

Eftir úrtökuna bauð Fákur þeim börnum, unglungum og ungmennum sem óskuðu eftir, að mæta í reiðtíma hjá reiðkennaranum Sindra Sigurðssyni og var hafður sami háttur á og áður, þ.e Sindri horfði á krakkana ríða prógrammið sitt á Hvammsvellinum og gaf þeim punkta um hvað væri vel gert og hvað mætti bæta.

Fyrir landsmótið stóð æskulýðsnefndin einnig fyrir því að halda fyrirlestur um hvernig keppnisfólk skuli haga undirbúningi sínum dagana fyrir keppni. Fyrirlesari var hinn kunnri handboltakappi Júlíus Jónasson. Fyrirlesturinn var mjög vel sóttur og skemmtilegar umræður sköpuðust um þessi málefni.

Á landsmótinu var nefndin til staðar, dreifði „buffum“ til Fákskrakka og tók þátt í veglegri grillveislu á tjaldsvæði Fáks.

Í Æskulýðsnefnd Fáks starfsárið 2007-2008 voru:

Hilmar Guðmannsson, formaður

Hilda Karen Garðarsdóttir, gjaldkeri

Anna Birna Snæbjörnsdóttir, ritari

Matthildur Magnúsdóttir

Gunnhildur Viðarsdóttir

Ólöf Rún Tryggvadóttir